

Föstudaginn 26. maí 1989.

Nr. 82/1984. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Fjölni Má Baldurssyni**

(Svala Thorlacius hrl.).

Endurupptaka dæmds opinbers máls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Í bréfi, dagsettu 23. apríl 1985, óskaði ákærði eftir endurupptöku máls þessa. Hinn 12. desember 1986 samþykkti Hæstiréttur erindi ríkissaksóknara um að málið yrði endurupptekið samkvæmt XXIII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Ákærvaldið krefst þess, að ákærði verði sýknaður af sakarefni ákæru frá 19. október 1982 og að niður falli refsing ákærða, sem ákvörðuð var í dómi Hæstaréttar 5. desember 1984, en jafnframt, að dómur sakadóms Ísafjarðar frá 8. mars 1982, sem dæmdur var með í þeirri refsingu, standi óhaggaður. Jafnframt krefst ákærvald þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls þess sakarkostnaðar, sem honum var gert að greiða við fyrri meðferð máls þessa, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo og til greiðslu alls kostnaðar af endurupptöku málsins og meðferð þess nú fyrir Hæstarétti, þar með talin málsóknarlaun til ríkissjóðs.

Málið var áður flutt hér fyrir dómi 29. nóvember 1984 og kvað Hæstiréttur upp dóm í því 5. desember 1984. Var ákærði dæmdur sekur um að hafa aðfaranótt 7. mars 1982 tekið bifreiðina Í 4562 í heimildarleysi og ekið henni ölvaður. Í dóminum var tekinn upp skilorðsdómur frá 8. mars 1982, tveggja mánaða fangelsi, og bæði málin dæmd í einu lagi samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Var ákærða gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði vegna brotanna. Ákærði hefur ekki afplánað refsingu þessa.

Þegar hæstaréttardómurinn var birtur ákærða, hélt hann því fram, að hann hefði verið dæmdur saklaus fyrir afbrotin í mars

1982, þar eð hann hefði tekið á sig sök annars manns. Af því tilefni fór fram lögreglurannsókn í janúar 1985 til þess að kanna sannleiksgildi fullyrðingar ákærða.

Við rannsóknina skýrði ákærði svo frá, að í umrætt sinn hefði hann ásamt þrem öðrum mönnum komið að Flosa Arnórssyni, þar sem hann hafi verið að ræsa bifreið. Hafi Flosi boðið þeim í ökuferð og þeir þegið það. Lögregla hafi nokkru síðar veitt bifreiðinni eftirför. Flosi hafi stöðvað bifreiðina og skipt um sæti við ákærða, sem settist undir stýri. Áður en lögreglumenn komu að bifreiðinni hafi hann og Flosi sammælt um að skýra svo frá, að ákærði hafi ekið. Þessa frásögn ákærða staðfestu Flosi svo og Kristinn Halldórsson og Hjörtur Geir Kjartansson, sem voru farþegar í bifreiðinni. Menn þessir staðfestu skýrslur sínar fyrir sakadómi Ísafjarðar í apríl 1985. Ekkert hefur komið fram, sem veikir þessar skýrslur. Fimmti maðurinn, sem í bifreiðinni var, kvaðst ekki geta sagt með vissu hver ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Skýrslur voru hvorki teknar af Flosa Arnórssyni né öðrum, sem tóku þátt í ökuferðinni, fyrr en í janúar 1985.

Sannað þykir með framburði ákærða og áðurgreindra þriggja manna, að hann hafi ekki ekið bifreiðinni Í 4562 aðfaranótt 7. mars 1982. Ber því að sýkna ákærða af kröfum samkvæmt ákæru frá 19. október 1982 og fella ákvörðun hæstaréttardóms 5. desember 1984 um refsingu og ökuleyfisviptingu úr gildi.

Niðurstaða þessi haggar ekki dómi, sem sakadómur Ísafjarðar kvað upp 8. mars 1982.

Ákærða ber samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974 að greiða allan sakarkostnað, sem hann var dæmdur til að greiða við fyrri meðferð málsins í héraði og fyrir Hæstarétti. Með vísan til síðastnefnds ákvæðis ber ákærða einnig að greiða allan kostnað af endurupptöku málsins og meðferð þess nú fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Fjöltnir Már Baldursson, er sýkn af kröfum samkvæmt ákæru frá 19. október 1982. Ákvörðun dóms Hæstaréttar frá 5. desember 1984 um refsingu og ökuleyfisviptingu er úr gildi felld. Ákvæði þess dóms um sakarkostnað skulu óhöggð.

Ákærði, Fjölur Mór Baldursson, greiði kostnað af endurupptöku málsins og meðferð nú fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Svölu Thorlaciusar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

ATH.: Málið nr. 82/1984 var áður dæmt í Hæstarétti 5. desember 1984. Málið var síðan endurupptekið og dæmt aftur. Þar sem héraðsdómur í málinu var birtur í dómasafni Hæstaréttar 1984 er ekki þörf á að birta hann aftur og nægir eftirfarandi tilvísun til birtingar með hinum nýja Hæstaréttardómi:

Dómur sakadóms Ísafjarðar 16. febrúar 1989 var prentaður í dómasafni Hæstaréttar 1984 á bls. 1360.
